

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 30. maí 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 12⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir, Guðmundur Finnbogason og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2005

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og B-hluta stofnana til síðari umræðu ásamt endurskoðunarbréfi og bréfi skoðunarmanna. Heildartekjur A-hluta (sveitarsjóðs) námu 318.804 þús. kr. og heildargjöld voru 309.486 þús. kr. Þar af voru skatttekjur 186.324 þús. kr. Rekstrarniðurstaða A-hluta var því jákvæð um 9.318 þús. kr. Heildartekjur samstæðunnar voru 379.541 þús. kr. og heildargjöld námu 381.289 þús. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var því neikvæð um 1.748 þús. kr. Fjárhagsáætlun gerði hins vegar ráð fyrir verulega meiri halla eða 31.906 þús. kr. Hreppsnefnd ræddi fyrirbyggjandi gögn, bæði ársreikning og fór yfir bréf endurskoðenda og skoðunarmanna en samþykkti síðan reikninginn, án athugasemda.

2. Byggðakvóti

Jensína Lýðsdóttir lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið vegna vensla við einn umsækjanda um byggðakvóta og vék af fundi á meðan málið var til umfjöllunar. Fyrir fundinum lágu 8 umsóknir sem borist höfðu um byggðakvóta. Samkvæmt 4. gr. í úthlutunarreglum Höfðahrepps er annars vegar 100 tonn sem skiptast milli þeirra sem falla innan regnanna og höfðu yfir að ráða innfjarðarrækjukvóta. Umsækjendur samkvæmt þeirri reglu voru 4 sem höfðu yfir að ráða 5 innfjarðarrækjukvótum. Hins vegar 40 tonn sem sótt var um eftir almennum reglum og skiptist jafnt á milli hæfra umsækjenda. Fyrir fundinum lágu einnig tvö samhljóða bréf, dagsett 22. febrúar 2006, frá Jökli ehf. og Útgerðarfélaginu Djúpuvík ehf. sem óska eftir að vikið verði frá því ákvæði að umsækjendur þurfi að leggja á móti afla af sínum eigin kvóta til þess að geta fengið úthlutaðan byggðakvóta.

Hreppsnefnd taldi ekki fært að verða við þeirri ósk og að henni beri að haga úthlutun sinni í fullu samræmi við úthlutunarreglurnar, enda kynnu frávik frá reglum að leiða til ójafnræðis milli umsækjenda sem kynni að fara í bága við jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga.

Hreppsnefnd samþykkti svohljóðandi afgreiðslu byggðakvótans:

- Vík útgerð ehf. vegna Öldu HU 112, uppfyllir skilyrði um úthlutun byggðakvóta skv. grein 4 lið b) í reglum Höfðahrepps um byggðakvóta. Samþykkt að leggja til við ráðuneytið að úthluta 5.714 kg.
- Vík útgerð ehf. vegna Auðbjargar HU 28. Afgreiðslu umsóknar frestað.

- Vík útgerð ehf. vegna Hafrúnar HU 12 uppfyllir skilyrði um úthlutun byggðakvóta skv. grein 4 liðum a) og b) í reglum Höfðahrepps um byggðakvóta. Samþykkt að leggja til við ráðuneytið að úthluta 25.714 kg.
- Vík útgerð ehf. vegna Katrínar HU 8. Afgreiðslu umsóknar frestað.
- Útgerðafélagið Djúpavík ehf. vegna Dagrúnar ST 12. Afgreiðslu umsóknar frestað.
- Jökull ehf. vegna Ólafs Magnússonar HU 54. Afgreiðslu umsóknar frestað.
- Gýmír HU 21 ehf. vegna Gýmis HU 21. Afgreiðslu umsóknar frestað.
- AP útgerð ehf. vegna Góu RE 20. Umsókn hafnað þegar af þeirri ástæðu að hún barst rúmum tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur var liðinn.

Samþykkt var að fela sveitarstjóra að tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um tillögur sveitarstjórnar um úthlutanir til Víkur útgerðar ehf. vegna Öldu HU 112 og Hafrúnar HU 12 og gera stuttlega grein fyrir stöðu málsins.

Samþykkt var að fresta afgreiðslu fimm umsókna þar sem sveitarstjórn telur rétt að gefa umsækjendum tveggja vikna frest til að tjá sig og/eða leggja fram tilteknar upplýsingar áður en ákvörðun um afgreiðslu þeirra verður tekin, sbr. 10. og 13. gr. stjórnarsýslulaga. Var sveitarstjóra falið að rita umsækjendum bréf þar að lútandi og gera grein fyrir þeim atriðum sem hreppsnefnd telur gögn skorta um og/eða nánari skýringa er þörf.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að tilkynna AP útgerð ehf. um að umsókn félagsins vegna Góu RE 20 hafi verið hafnað.

3. Sala eignarinnar Strandgata 4.

Fyrir fundinum lá afsal að Strandgötu 4 þar sem Hallbirni J. Hjartarsyni er afsöluð eignin með fyrirvara um samþykki hreppsnefndar.

Hreppsnefnd samþykkti afsalið með þeim skilmálum sem í því eru.

4. Veitingaleyfi

- a) Fyrir fundinum lá umsókn um veitingaleyfi fyrir Kántrýbæ sem sýslumaður óskar umsagnar um. Umsækjandi er Gunnar S. Halldórsson f.h. Vestrið ehf.

Hreppsnefnd samþykkti að mæla með að veitingaleyfið verði veitt.

- b) Fyrir fundinum lá umsókn Gunnars S. Halldórssonar um vínveitingaleyfi fyrir Kántrýbæ, Hólanesvegi 11.

Hreppsnefnd samþykkti vínveitingaleyfið með því skilyrði að fyrrgreint veitingaleyfi verði samþykkt. Hreppsnefnd samþykkti einnig fyrir sitt leyti þann opnunartíma sem sótt er um í tengslum við vínveitingaleyfið en fól sveitarstjóra að hafa samráð við sýslumann um þann þátt vínveitingaleyfisins.

5. Bréf:

- a) Aabenraa kommune, dags. 18. maí 2006.

Með bréfinu er formlega boðið til norræns vinabæjarmóts dagana 7. - 10. júní nk. Samþykkt að Adolf H. Berndsen og Jensína Lýðsdóttir verði fulltrúar sveitarfélagsins á mótinu.

b) Ámundakinnar ehf. dags. 22. maí 2006.
Bréfið var fundarboð þar sem boðað var til aðalfundar 30. maí kl 14.30

c) Ólafs Bernóðussonar, dags. 25. maí 2006.
Með bréfinu segir Ólafur upp stöðu sinni sem aðstoðarskólastjóri við Höfðaskóla og sækir jafnframt um kennarastöðu í 50% hlutfalli frá 1. ágúst nk. Erindið sem einnig hafði verið sent skólastjóra og skólanefnd var samþykkt af hálfu hreppsnefndar en vísað til skólastjóra að öðru leyti til úrlausnar.

6. Fundargerðir:

a) Húsnæðisnefndar 18. maí 2006.
Fundargerðin var samþykkt.

b) Stjórnar Norðurár bs. 11. apríl 2006.
Fundargerðin var til kynningar.

c) Stjórnar SSNV, 25. apríl 2006.
Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál.

Þar sem fundurinn var síðasti fundur þessarar hreppsnefndar þakkaði Adolf hreppsnefndarmönnum gott samstarf á kjörtímabilinu. Magnús, Gígja og Jensína þökkðu einnig gott samstarf innan hreppsnefndar en þau munu öll hætta í hreppsnefnd Höfðahrepps við lok þessa kjörtímabils Magnús eftir 24 ár, Jensína eftir 4 ár og 8 ár sem varamaður og Gígja eftir 2 ár og 6 ár sem varamaður.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 13¹⁵

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Guðmundur Finnbogason
(sign)